Co-funded by the Erasmus+ Programme of the European Union

## MEGINMARKMIÐ VERKEFNISINS ER AÐ STUÐLA AÐ STYRKINGU Á SAMKEPPNISHÆFI EVRÓPSKA FÉLAGSHAGKERFISINS MEÐ ÚTBREIÐSLU NÝRRA SAMVINNUFYRIRTÆKJA

### SÉRSTÖK MARKMIÐ:

- Styrkja hæfni frumkvöðlaleiðbeinenda í að koma samvinnufélagsforminu á framfæri
- Skiptast á reynslu um frumkvöðlastarfsemi innan samvinnufélagsformsins á meðal leiðbeinenda þvert um Evrópu
- Þróa nýstárlegar aðferðir til að aðstoða leiðbeinendur í að koma samvinnufélagsforminu á framfæri meðal fullorðinna

COPE



## KYNNA FRUMKVÖÐLUN INNAN SAMVINNUFÉLAGSFORMSINS Í FRUMKVÖÐLAFRÆÐUM FYRIR FULLORÐNA

WWW.COPE.ONE

@COPEproject2020

COOMPANION KOOPERATIV UTVECKLING | SERN | icaro CONSORZIO DI COOPERATIVE SOCIALI | CARDET CENTRE FOR THE ADVANCEMENT OF RESEARCH & DEVELOPMENT IN EDUCATIONAL TECHNOLOGY | CONFCOOPERATIVE Romagna | MIKRO FONDEN | HÁSKÓLINN Á BIFRÖST BIFRÖST UNIVERSITY

Verulegur hluti af hagkerfi ESB er það sem er nú þekkt sem félagshagkerfið. Nálgun félagshagkerfisins snýr helst að því að aðalmarkmið samtaka innan þess er að þjóna meðlimum samfélagsins frekar en að vinna út frá gróðasjónarmiðum. Um Evrópu gjörvalla er löng hefð fyrir samvinnufélagsforminu. Þrátt fyrir þetta mikla vægi félagshagkerfisins er enn mikil þörf á því að fjölga samvinnufélögum og að koma félagsdrifnum fyrirtækjum frekar á framfæri til að stuðla að sjálfbærri þróun.

Frekari dreifing á samvinnufélagsforminu getur verið drifkraftur fyrir samfélagslega nýsköpun, þar sem nýbreitnisinnuð sprotafyrirtæki bregðast við þörfum fólks. Sömuleiðis geta þau stuðlað að staðbundinni uppbyggingu og lagt sitt af mörkum til lengri tíma í að draga úr atvinnuleysi og samfélagslegu ójafnrétti. Þrátt fyrir mikinn fjölda samvinnufélaga í mismunandi geirum í flestum heimalöndum þátttakenda í verkefninu (Svíþjóð, Ítalía, Ísland og Kýpur) er enn þörf á frumkvöðlunarþekkingu og vel þjálfuðum leiðbeinendum með getuna til að örva nýtt fólk í að nýta samvinnufélagsformið.

Það er talin þörf á að deila þekkingu meðal leiðbeinenda og samvinnufélagasambanda og að safna árangursríkum reynslusögum sem geta verið útfærðar í öðrum svipuðum aðstæðum í Evrópu; að það sé þá hægt að fylgja sameiginlegu og árangursríku módeli.

*The European Commission's support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents, which reflect the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.*

# ÞEKKINGARAFURÐIR

COPE

## 1 NÁMSLÍKAN UM FRUMKVÖÐLUN INNAN SAMVINNUFÉLAGSFORMSINS

Byggt á 3 meginþjálfunaraðferðum; aðferðafræði þjálfunar og innihalds, að bæta getu frumkvöðlunarleiðbeinenda, og að þjálfa fullorðna í frumkvöðlun innan samvinnufélagsformsins.

## 2 STÖÐUGREINING

Greiningin er gerð til að kortleggja núverandi umhverfi og að bera saman þarfir samstarfsaðila verkefnisins með því að skoða rannsóknir og greinar (bæði í viðkomandi löndum og Evrópumiðaðar rannsóknir) sem viðkoma námi þróuðu innan samvinnusambanda, greina stærð á núverandi innleiðingu samvinnufélagsformsins og þarfir tengdar því að auka hæfni leiðbeinenda.

## 3 FRUMPRÓFUN

Frumprófun felur í sér að prófa námslíkanið (IO1) í raunverulegum aðstæðum í gegnum þjálfun skipulagða af leiðbeinendum um samvinnufélagsfrumkvöðlun.

## 4 LEIKGERVING STAFRÆNS NÁMSVETTVANGS

Þróun stafræns námsvettvangs sem auðvelt er að nota og gott aðgengi er að. Vettvangurinn yrði með leikgerðum eiginleikum, aðlagaða að þörfum leiðbeinenda við að auka skilvirkni þeirra í að kynna og styðja við sköpun nýrra samvinnufélaga.